

Nylotex NX vefnaðarlitur.

Nylotex NX er afbragðs góður, eins eða tveggja þátta prentlitur, til beinnar eða flutnings (transfer) prentunar á fatnað eða hluti úr nælon eða polyester spunaefni, svo sem útvistarfatnað, vinnufatnað, íþróttfatnað o.p.h. sem hefur verið vatnsvarinn. Hann er þekjandi og tilbúinn til notkunar og þolir teygju, allan þvott og þurrhreinsun afbrags vel.

Þéttleiki prentnets ætti að vera 43-62 þ.sm. en til finni prentunar 77-100 þ.sm. Nylotex NX má þurrka við herbergishita, þurrktími er þá 15-30 mín. og láta svo prentgripinn jafna sig yfir nótt, en í þurrkofni við 100°C tekur þurrkun aðeins tvær mínútur. Ef prentgripur hefur verið vatnsvarinn er ráðlegt að nota NB386 hvata út í prentlitinn, blöndun 20 hl. prentlitur og 1 hl. hvati eftir þyngd. Sé NB386 ekki notaður þolir liturinn ekki hærri hita í þvotti en 40°C. Hægt er að flutnings (transfer) prenta með Nylotex NX á fatnað úr nælon og öðrum gerviefnum. Er það gert á svipaðan hátt og þegar flutnings prentað er með Texopaque OP vefnaðarlitnum. Þvottþol er mjög gott.

Litaúrval Nylotex NX er 23 litir ásamt glæru (extender base), er þá hægt að blanda í hana gull eða silfur dufti. Íblöndunarefni eru NB386 hvati, notkun 1 hl. hvati í 20 hl. prentlitur eftir þyngd. ZE805 Nylo þynnir og ZE806 þurrk teyjandi (retarder).

Alltaf skal hræra prentlit vel upp fyrir hverja prentun og ráðlegt er að reyna festu litar á prentgrip áður en framleiðsluprentun hefst. Hafi hjálparefni verið bætt út í prentlit, má aldrei hella lit til baka í dósina.